

FUNDARGERÐ

Árið 2021, föstudaginn 5. mars kl. 11:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir lið 2: Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Gestir fundarins undir lið 3: Anton Kári Halldórsson, oddviti í Rangárþingi eystra og formaður samstarfsnefndar Sveitarfélagsins Suðurland og Ragnar Róbertsson frá RR ráðgjöf.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð frá 29. janúar 2021

Lögð var fram fundargerð frá 29. janúar 2021 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 29. janúar 2021 var samþykkt án athugasemda.

2. Stefna Reykjavíkurborgar o.fl.

Ragnhildur Hjaltadóttir og Hermann Sæmundsson fóru yfir stöðu mála varðandi stefnu Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkisins þar sem krafist er greiðslu tilgreindra framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árin 2015-2019. Fram kom í máli ráðuneytisstjóra að viðræðuhópur ríkisins og Reykjavíkurborgar væri að störfum til að ræða stöðu mála er varðar stefnu Reykjavíkurborgar gegn íslenska ríkinu vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Þá fjölluðu Ragnhildur og Hermann um frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags). Í tengslum við umræðu um frumvarp ráðherra fjölluðu fundarmenn um þau fjölmörgu sameiningarverkefni sem unnið væri að á sveitarstjórnarstiginu. Að lokum þakkaði Hermann nefndinni fyrir aðkomu ráðgjafarnefndar sjóðsins að lausn mála hvað varðar rekstur sjálfstæðu rekstraraðila í málaflokki fatlaðs fólks, en nú lægi fyrir fundinum tillaga að lausn á rekstri eins þessara rekstraraðila.

3. Sameiningar sveitarfélaga

Beiðni um framlög vegna valkostagreiningar

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 4. mars 2021, varðandi umsóknir frá 4 sveitarfélögum vegna framlaga úr sjóðnum vegna valkostagreininga.

1. Sveitarfélagið Vogar 3 m.kr.
2. Reykhólahreppur 3 m.kr.
3. Vesturbyggð 3 m.kr.

4. Strandabyggð 4 m.kr.

Samtals er sótt um framlög að fjárhæð um 13 m.kr.

Að umræðu lokinni samþykkt nefndin að veita framlög til framangreindra sveitarfélaga og nemur heildarfjárhæð framlaganna 13 m.kr.

Beiðni um framlög vegna undirbúnings og framkvæmdar Sveitarfélögin á Suðurlandi

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tvö erindi frá samstarfsnefnd Sveitarfélagsins Suðurland sem vinnur að sameiningu Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Anton Kári Halldórsson formaður samstarfsnefndarinnar og Róbert Ragnarsson ráðgjafi nefndarinnar mættu á fundinn og fylgdu umsóknunum úr hlaði.

Í fyrra erindinu, dags. 1. mars 2021, er sótt um framlög sem samsvarar eðlilegum kostnaði sveitarfélaga við könnun á hagkvæmni sameiningar, kynningu á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu sbr. 2. gr. rgl. 782/2020. Hins vegar er sótt um framlög vegna uppbyggingar á stafrænni stjórnsýslu í sameinuðu sveitarfélagi. Samkvæmt vinnureglum sjóðsins næmu framlög vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar og framkvæmdar um 37 m.kr. en þegar hafa verið samþykkt framlög að fjárhæð 23,8 m.kr. Samkvæmt umsókn sveitarfélagsins er sótt um 47 m.kr. framlag til verkefnisins í heild. Fram kom að alls hafi verið greiddar 23,1 m.kr. til sveitarfélaganna.

Samþykkti nefndin að heildarframlag til sveitarfélaganna á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 782/2020 gætu numið allt að 44 m.kr. Eftirstöðvar framlaga til sveitarfélaganna vegna umræddrar vinnu nema því 20,2 m.kr. Nefndin vék frá viðmiðunarfjárhæð vinnureglanna í ljósi áhrifa heimsfaraldursins á vinnu við verkefnið og jafnframt vegna þess hve vinna vegna íbúasamráðs hefur verið umfangsmikil.

Í seinna erindinu, dags. 1. mars 2021, er sótt um 25 m.kr. framlag vegna uppbyggingar á stafrænni stjórnsýslu í sameinuðu sveitarfélagi. Fram kemur að á rafrænum íbúafundi í október 2020 hafi komið fram skýrar ábendingar frá íbúum að forsenda fyrir farsælli sameiningu sveitarfélaganna í eitt landfræðilega stórt sveitarfélag sé gott aðgengi íbúanna að stjórnsýslu og þjónustu. Ætlunin er að móta stafrænt ráðhús og þjónustuver fyrir sameinað sveitarfélag sem mun leiða fram hagræðingu í rekstri, auka öryggi vinnslu gagna og tryggja meiri sérhæfingu í störfum. Í stafræna ráðhúsinu verður miðlæg hýsing gagna sveitarfélaganna, miðlægt símkerfi og þjónustuver. Gert er ráð fyrir því að íbúar svæðisins sækji um þjónustu og eigi samskipti við sveitarfélagið í einni gátt og allar umsóknir, málsmeðferð og svör við umsóknum verði stafræn. Þá er gert ráð fyrir að skjalastjóri og persónuverndarfulltrúi verði starfandi fyrir allt svæðið.

Samþykkti nefndin framlag að fjárhæð 25 m.kr. sem hluta af því framlagi sem sameinað sveitarfélag mun fá vegna framkvæmdar og þróunar á stjórnsýslu sameinaðs sveitarfélags. Samþykkt var að framlagið verði greitt fyrir sameiningu eða um leið og áfallinn kostnaður við verkefnið verður til. Verði ekki af sameiningu falli verkefnið undir stuðning sjóðsins vegna sérstakra verkefna.

4. Efling tónlistarfræðslu

Álit samráðsnefndar

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 2. mars 2021, varðandi álit samráðsnefndar ásamt fundargerð nefndarinnar. Ákveðið var á fundi ráðgjafarnefndar þann 29. janúar sl. að óska eftir áliti samráðsnefndar um samkomulag vegna tónlistarnáms varðandi síðbúnar umsóknir á grundvelli 7. gr. sem bárust í byrjun árs. Erindið var tekið fyrir á fundi samráðsnefndar þann 8. febrúar þar sem ákveðið var að leggja til við ráðgjafarnefnd að hafna umræddum umsóknum í ljósi þess að umsóknarfresturinn er liðinn og búið er að samþykka framlögin fyrir nágildandi skólaár. Jafnframt kemur fram að ekki er svigrúm innan þess fjármagns sem áætlað er að fari í framlög á grundvelli 7. gr. án þess að farið sé í einhverjar skerðingar á framlögum eða forgangsraða umsóknum.

Einnig er vert að nefna sem fram kemur í fundargerðinni að viðræður um framlengingu á samkomulaginu stendur núna yfir hjá samráðsnefndinni. Umræðan er á þá leið að framlengja samkomulagið um 2-3 ár án þess þó að gera neinar sérstakar breytingar á samkomulaginu sjálfu. Aftur á móti þarf að skoða sérstaklega fjárhæðir framlaga ríkis og sveitarfélaga með hliðsjón af hækkan launa og öðrum þáttum sem hafa áhrif á launakostnað. Að lokum verða vinnureglur endurskoðaðar og uppfærðar ef þörf þykir.

Í samræmi við tillögu samráðsnefndar ákvað nefndin að hafna umsóknum um framlög á grundvelli 7. gr. sem bárust frá fimm sveitarfélögum í janúar sl.

5. Fjárhagsstaða sveitarfélaga

Fjárhagsáætlun 2021

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2021 og heildaryfirlit yfir fjárhagsáætlun 2021-2024 sem sýnir samtölu sveitarfélaga í heild sinni. Yfirlitið sýnir að um 40 sveitarfélög gera ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A-hluta verði neikvæð á árinu 2021. Samkvæmt þriggja ára áætlunum 2022-2024 gera sveitarfélögin ráð fyrir áframhaldandi halla til ársins 2024. Fjárfestingar aukast yfir tímabilið og munu sveitarfélög taka aukin lán vegna þessa. Heildarskuldir aukast því á sama tíma og mun skuldahlutfallið jafnframt hækka en mun síðan lækka aðeins þegar líður á tímabilið.

6. Framlög vegna fjárhagserfiðleika

Strandabyggð

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 5. mars 2021, varðandi framlag til Strandabyggðar vegna fjárhagserfiðleika ásamt bréfi frá Strandabyggð þess efnis, dags. 3. mars 2021. Jafnframt liggja fyrir drög að samkomulagi ráðherra og Strandabyggðar og bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 4. mars 2021, þar sem mælt er með að gengið verði að samkomulaginu.

Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur óskað eftir stuðningi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra vegna erfiðar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Fram kemur í bréfinu að fyrst var óskað eftir stuðningi í ágúst 2020 og síðan þá hafa verið mikil samskipti milli fulltrúa ráðuneytisins og Strandabyggðar. Fyrir liggja drög að samkomulaginu milli ráðherra og Strandabyggðar og í samkomulaginu er gert

ráð fyrir framlagi úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 30 m.kr. Framlaginu er ætlað að standa straum af vinnu ráðgjafa og enn fremur að bæta lausafjárstöðu sveitarfélagsins.

Nefndin ákvað að veita framlag til Strandabyggðar að fjárhæð 30 m.kr. vegna fjárhagserfiðleika með þeim fyrirvara að samkomulagið verði undirritað.

Sveitarfélagið Vogar

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu aðsent erindi frá Sveitarfélaginu Vogar, dags. 26. janúar 2021, varðandi beiðni um framlag vegna kostnaðar við úttekt á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Bæjarráð sveitarfélagsins hefur ákveðið að vinna ítarlega úttekt á rekstri og fjármálum sveitarfélagsins og óskar eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs vegna kostnaðar við verkefnið að fjárhæð 5 m.kr.

Að umræðu lokinni ákvað nefndin að veita framlag að fjárhæð 5 m.kr. til að framkvæma úttekt á rekstri sveitarfélagsins.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

7. Barnaverndarstofa

Greiðsla vegna vistunar barna utan lögheimilissveitarfélags

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. mars 2021, varðandi erindi frá Barnaverndarstofu, dags. 18. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. rgl. nr. 351/2002 vegna haustannar 2020. Greiðir sjóðurinn Barnaverndarstofu framlag vegna almennrar kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barnaverndarstofu og stunda þar grunnskólanám. Jöfnunarsjóður dregur fjárhæð er nemur kennslukostnaði vegna nemenda skv. 1. mgr. frá jöfnunarframlögum viðkomandi lögheimilissveitarfélags. Óskar Barnaverndarstofa eftir greiðslu samtals að fjárhæð 5.225.307 kr.

Nefndin ákvað að samþykkja greiðslu framlags til Barnaverndarstofu að fjárhæð 5.225.307 kr.

8. Ytra mat

Ársskýrsla

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 2. mars 2021, varðandi ytra mat á skólastarfi 2020. Samkvæmt 6. gr. samstarfssamnings um þróunarverkefni um ytra mat á skólastarfi, sem Samband íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytið og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerðu með sér liggur nú fyrir stöðuskýrsla sem send er nefndinni til kynningar. Gert var ráð fyrir því að verkefnið taki tvö ár, frá ársbyrjun 2018 til ársloka 2020. Einvörðungu náðist að framkvæma 13 mót á árinu 2020 vegna Covid-19 og því verður bið á að verkefninu ljúki.

9. Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál - ÍSAT

Endurskoðuð áætlun framlaga 2021

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 3. mars 2021, varðandi endurskoðaða áætlun 2021. Verkefnastjóri og kennsluráðgjafi vegna íslensku sem annars tungumáls hefur sent Jöfnunarsjóði uppfærðar upplýsingar fyrir fjárhagsárið 2021. Alls fjölgar nemendum um 332 milli

áætlana ársins og um 44 nemendur frá endanlegri áætlun 2020. Ekki er lengur tekið á mótí breytingum frá skólum og því er ekki gert ráð fyrir að þessi áætlun taki frekari breytingum.

Í heildina er greitt með 3.173 nemendum í 53 sveitarfélögum. Framlag vegna fjárhagsársins 2021 reiknast samkvæmt þessu 475.950.000 kr. Til samanburðar var fjárhagsárið 2020 veitt framlög vegna 3.129 nemenda að upphæð 469.350.000 kr. Grunnfjárhæð framlaga hækkaði árið 2020 úr 130.000 kr. á hvern nemanda í 150.000 kr. Til viðbótar kemur framlag til Menntamálastofnunar skv. samningi um starf verkefnastjóra í nýbúafræðslu samtals að fjárhæð 15.600.000 kr. Áætlað framlag vegna ÍSAT er því samtals 491.550.000 kr.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina og leggur til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.

10. Menntamiðja

Samband íslenskra sveitarfélaga – beiðni um kostnaðarpátttöku

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. mars 2021, varðandi umsókn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna pátttöku í Menntamiðju. Umsóknin er dags. 1. febrúar 2021, þar kemur fram að á fundi stjórnar sambandsins í janúar hafi verið lagt fram minnisblað frá lögfræði- og velferðarsviði sambandsins um umsókn í sjóðinn vegna pátttöku sambandsins í Menntamiðju. Fram kemur að stjórn sambandsins hafi samþykkt að senda umsóknina til Jöfnunarsjóðs en sótt er um framlag að fjárhæð 1 m.kr. næstu þrjú árin (2021-2023).

Menntamiðja er samráðsvettvangur um skólastarf og starfsþróun fagstétta í menntakerfinu en markmiðið er að vera gátt að starfsþróun kennara, stjórnenda og annars fagfólks í menntakerfinu. Jöfnunarsjóður styrkti verkefnið á árunum 2012-2018.

Að umræðu lokinni samþykkti nefndin að veita framlag að fjárhæð 1 m.kr. á ári næstu þrjú ár (2021-2023).

YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

11. Notendastýrð persónuleg aðstoð

Framlög vegna langtímaveikinda - Suðurland

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 3. mars 2021, varðandi NPA framlög 2020. Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónlega aðstoð greiðir Jöfnunarsjóður á grundvelli umsókna framlög til að standa straum af viðbótarútgjöldum vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks.

Á fundi sínum þann 29. janúar sl. tók ráðgjafarnefnd fyrir og samþykkti þá einu umsókn sem borist hafði vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks. Sjóðnum hefur nú borist síðbúin umsókn frá Bergrisanum b.s. vegna veikinda tveggja aðila á því tímabili sem um ræðir að fjárhæð 3.037.433 kr.

Heildarfjármagn til ráðstöfunar vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks 2020 voru 5,4 m.kr. Þegar hafa verið greiddar út 1,65 m.kr. og því 3,75 m.kr. til ráðstöfunar.

Ákveðið var að leggja til við ráðherra að umsókn Bergrisans b.s. yrði samþykkt að fjárhæð 3,04 m.kr.

12. Umsókn vegna úttektar og umbótavinnu

Sveitarfélagið Hornafjörður

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 3. mars 2021, ásamt umsókn frá sveitarfélaginu Hornafirði vegna úttektar og umbótavinnu í félagslegri heimaþjónustu fyrir fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Umbæturnar felast í endurskoðun á reglum og verklagi ásamt innleiðingu samskipta- og skipulagsforritsins Memaxi.

Erindið hefur áður komið fyrir fund ráðgjafarnefndar, þann 18. nóvember 2020, og var því hafnað þar sem nefndin taldi ekki ljóst að það félli undir 1. mgr. 4. gr. reglugerðar 616/2020 þar sem ekki væri sýnt að það nýttist öðrum þjónustusvæðum/sveitarfélögum til framþróunar málaflokksins. Erindið er nú lagt fram að nýju en tiltekið er að sótt sé um undir a. lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, þ.e. til greiðslu kostnaðar vegna upplýsingaöflunar, greiningar og ráðgjafar.

Nefndin ákvað að hafna erindinu enda Memaxi þegar í notkun í einhverjum sveitarfélögum/þjónustusvæðum.

13. Kostnaðaraukning í þjónustu við einstakling og vegna veikinda og Covid-19

Byggðasamlag Vestfjarða

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 5. mars 2021, ásamt erindi frá Byggðasamlagi Vestfjarða, annars vegar vegna kostnaðaraukningar hjá einstakling í búsetuúrræði hjá Ísafjarðarbæ og hins vegar almenn kostnaðaraukning á svæðinu vegna veikinda og Covid-19.

Fyrri erindið snýr að kostnaðarsamri þjónustu við einstakling og hefur kostnaðurinn farið vaxandi. Í erindinu segir að þó svo talað sé um að jöfnun eigi að eiga sér stað innan svæða í málaflöknum þá eru svona tilfelli einstök og nauðsynlegt er að geta sótt um þau sérstaklega.

Seinna erindið viðkemur auknum kostnaði sem er að mestu tilkominn vegna hólfaskiptingar og sóttvarna þannig að þörf hefur verið á auka starfsfólki. Þá hafa langtímaveikindi starfsfólks einnig haft kostnaðaraukningu í för með sér. BsVest leggur til að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs skoði hvort hægt verði að sækja um aftur í sjóð sem væri til þess fallinn að koma til móts við sveitarfélög sem hafa þurft að breyta skipulagi vegna Covid-19 sem hefur haft í för með sér aukningu á útgjöldum. Einnig myndi BsVest vilja að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs myndi skoða sjóð sem tæki á langtímaveikindum starfsfólks í málaflöknum því þegar um langtímaveikindi er að ræða verður til kostnaðaraukning sem erfitt er fyrir sveitarfélög að takast á við með það fjármagn sem kemur vegna málaflokksins. Með því væri verið að horfa á að kostnaður vegna starfsfólks sem sinnir vinnunni á meðan veikindi standa yfir lendi ekki á málaflöknum heldur væri hægt að sækja um í ákveðinn sjóð.

Nefndin ákvað að athuga með að fá fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga á næsta fund til að ræða mál einstaklinga í sérstaklega kostnaðarsömum úrræðum en málið snertir einnig erindi Reykjanesbæjar frá síðasta fundi nefndarinnar. Einnig var ákveðið að starfsmaður Jöfnunarsjóðs óski eftir gögnum frá þjónustusvæðum um þann viðbótarkostnað sem þau hafa þurft að taka á sig

vegna Covid-19 og er tilkominn á seinni helmingi ársins 2020. Viðbótarframlag hefur þegar verið greitt út vegna Covid-19 kostnaðarauka fyrri hluta ársins. Ákvörðun um hvort tekið verði tillit til þessa kostnaðar við ákvörðun viðbótarframlags 2021 hefur ekki verið tekin. Varðandi sjóð sem tæki á langtímaveikindum aðstoðarfólks sá nefndin sér ekki fært um að verða við því erindi enda kallaði slíkur sjóður á tilfærslu fjármagns úr almenna kerfinu nema ef til kæmi viðbótarfjármagn.

14. Hvalfjarðarsveit – þjónustusvæði

Fram kom að fyrrum þjónustusvæði Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar hafi skipst upp í tvö þjónustusvæði. Í ljósi þess að annað svæðið hefur mjög fáa þjónustuþega hljóti að vakna upp spurningar um persónuverndarmál þar sem Jöfnunarsjóður birtir opinberlega upplýsingar um framlög til þjónustusvæða.

15. Málefni Skaftholts og Bergrisans

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 4. mars 2021, ásamt aðsendu erindi Bergrisans, dags. 26. janúar 2021, varðandi samningaviðræður Bergrisans og Skaftholts ses. um áframhaldandi rekstur í þjónustu við átta fatlaða einstaklinga. Frá því að reksturinn var færður yfir til sveitarfélaganna árið 2011 hefur Bergrisinn, sem stendur að rekstri málaflokks fatlaðs fólks á Suðurlandi, þurft að leggja til umtalsverða fjármuni með rekstrinum í Skaftholti án sérstaks viðbótarframlags frá ríki. Samkvæmt rekstrarúttekt sem framkvæmd var á rekstri Skaftholts á árinu 2020 og fjárhagsáætlunum sem liggja fyrir árin 2021 og 2022 þarf aukið fjármagn til rekstursins og óskar Bergrisinn eftir viðbótarframlagi úr Jöfnunarsjóði á þessu ári og næsta svo unnt verði að tryggja áframhaldandi rekstur Skaftholts.

Samkvæmt fyrirbyggjandi samningsdrögum er gert ráð fyrir að rekstraraðilum verði veitt svigrúm þar til í september á þessu ári til að koma með tillögur til hagræðingar í rekstri svo unnt verði að reka starfseminna á grundvelli framlaga er byggja á SIS mati á árinu 2022. Takist það ekki verður samið sérstaklega um aukin framlög á næsta ári en um leið litið svo á að reksturinn sé ekki sjálfbær og því yrði stefnt að lokun starfseminnar og íbúar Skaftholts fluttir í önnur þjónustuúrræði.

Upphæð þeirrar fjárhæðar sem óskað er í viðbótarframlag byggir á fjárhagsáætlunum um rekstur starfseminnar en yrði halli rekstrar lægri á tímabilinu myndi framlag sjóðsins lækka. Óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði með eftirfarandi hætti:

Vegna ársins 2021: 26,7 m.kr.

Vegna ársins 2022: 38,4 m.kr.

Samtals næmi framlagið til Bergrisans 65,1 m.kr. vegna árána tveggja. Enn fremur er óskað eftir framlagi að fjárhæð 4,4 m.kr. vegna sérfræðivinnu sem tengist samningaviðræðunum. Með aðgerðunum telja aðilar að auðveldara verði að tryggja fjárhagslega endurskipulagningu Skaftholts og jafnframt að með greiðslu viðbótarframlaga úr sjóðnum sé aðgerðum af hans hálfu lokið.

Samþykkti nefndin að veita Bergrisanum framlag að fjárhæð 65,1 m.kr. til að koma til móts við rekstrarvanda Skaftholts og enn fremur til að byggðasamlaginu verði gert það kleift í samráði við rekstraraðila að tryggja sjálfbærni í rekstri Skaftholts. Flæði greiðslna framlaganna koma í samræmi við framangreinda beiðni Bergrisans þ.e. 26,7 m.kr á árinu 2021 og 38,4 m.kr. á árinu

2022. Auk þessa féllst ráðgjafarnefndin á að greiða kostnað vegna lögfræði- og rekstrarráðgjafar að fjárhæð 2,2 m.kr.

Nefndin bókaði á fundinum að hún líti svo á að þar með sé aðgerðum Jöfnunarsjóðs lokið hvað varðar það verkefni að tryggja rekstrarlega sjálfbærni Skaftholts.

16. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs

Beiðni um greiðslu stofnframlags – Reykjanesbær

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 5. mars 2021, ásamt aðsendu erindi Reykjanesbæjar, dags. 1. mars 2021, vegna breytinga á aðgengi og aðstöðu á heimili 27 ára fatlaðs manns sem býr hjá foreldri og systkinum. Áætlaður kostnaður breytinganna er 14. m.kr. en breyta á bílskúr og gera þar herbergi og sérútbúið baðherbergi. Miðað við 25% kostnaðarþátttöku sjóðsins næmi framlag vegna framkvæmdanna 3,5 m.kr.

Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að samþykkja beiðni sveitarfélagsins og veita framlag að fjárhæð 3,5 m.kr.

17. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði 29. mars kl. 10:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:15.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson

